

Bolungarvík 11. desember 2019

## **Tímabundið starfsleyfi**

### **fyrir áramótabrennu 31. desember 2019**

(Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi sbr. auglýsingu nr. 582/2000 m.s.b. gilda einnig um starfsemina)

**Leyfishafi; Ísafjarðarbær kt: 5405962639**

Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis hefur móttakið umsókn Ísafjarðarbæjar dags. 10. desember 2019, þar sem sótt er um tímabundið starfsleyfi vegna áramótabrennu sem halda á 31. desember 2019.

Umbeðið leyfi er veitt fyrir ofanskráða starfsemi með vísan í viðauka X í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og með vísun í reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.

**Umsækjandi: Ísafjarðarbær kt: 5405962639**

**Ábyrgðaraðili: Jóhann Birkir Helgason kt: 16066715489**

**Staðsetning: Á Árvöllum í Hnífsdal**

**Kveikt í brennu klukkan: 20:30**

### **Gildis- og ábyrgðarsvið:**

Leyfið tekur til áramótabrennu þann 31. desember 2019 með skilyrðum um að leyfishafi skuldbindi sig til að ákvæðum gildandi laga og reglugerða *um hollustuhætti og mengunarvarnir* hverju sinni sé fylgt, lögreglusamþykktá sem og neðangreindum skilyrðum:

### **Skilyrði:**

- 1) **Óheimilt er að hefja söfnun í brennu fyrr en endanlegt leyfi Sýslumanns Vestfjarða liggur fyrir ásamt jákvæðri umsögn Slökkviliðs.**
- 2) Veitt er leyfi fyrir allt að **30** m<sup>3</sup> að stærð enda sé stærð hennar í samræmi við sameiginlegar leiðbeiningar Brunamálastofnunar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnunar) og Ríkislögreglustjóra. *“Bálkestir og brennur. Leiðbeiningar um vinnutilhögun og leyfisveitingar. Dags. 7. desember 2000.”*

- 3) Óheimilt er að kveikja í brennunni ef vindátt er óhagstæð að mati lögreglu.
- 4) Verði notuð olía, við uppkveikju ber að halda notkun hennar í lágmarki. Eingöngu má nota olíu sem afhent er beint frá olíufélagi. Í úrgangsolíu geta verið hættuleg spilliefni. Þá skal ekki hella á brennuna fyrr en í fyrsta lagi einum klukkutíma áður en kveikt er í og þegar brennan er í *“fullu báli”* á ekki að hella meiri olíu á.
- 5) Á brennustæði skal vera þykkur og þéttur leirkendur jarðvegur sem getur bundið olíu og fangað þau spilliefni sem niður fara.
- 6) Leyfilegt er að brenna timbur og pappa. Ábyrgðarmanni brennu er skylt að sjá svo um að á brennu fari ekki óæskilegur eldsmatúr á borð við sorp, plast- og gúmmíefni (s.s. plastkassar, fiskkör, netaafskurður, bíldekk og þess háttar), gagnvarið efni, dósir og tunnur með fljótandi eða föstum efnum (s.s. lím- og málningarafgöngum) eða annað sem getur valdið hættulegum sprengingum. Því þarf að vakta brennustæði eða að takmarka aðgengi að svæðinu.
- 7) Vöktun á brennu skal vera samfelld sbr. ákvæði í 5. gr. í leiðbeiningum Brunamálastofnunar, Hollustuverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnunar) og Ríkislögreglustjóra frá 7. desember 2000.
- 8) Sjá skal um að brennustæði sé hreinsað sem fyrst að brennu lokinni og ösku og öðrum úrgangsefnum verði fargað í samráði við áhaldahús bæjarins. Tryggja skal að ekki sé hætta á foki frá brennustæði, hvorki fyrir né eftir brennu.
- 9) Ofanskráð ákvæði taka mið af bestu aðstæðum. Áskilinn er réttur heilbrigðiseftirlits til að gera frekari kröfur ef aðstæður krefja s.s. varðandi olíunotkun.

**Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé fylgt.**

f.h. Heilbrigðisnefndar



Hlynur Reynisson  
Heilbrigðisfulltrúi